

líf og list




Umsjón: Katrín Pálsdóttir

Ný tilfinning

Þetta er sett saman í þeirri trú að upplýsingar séu gagnlegri í umfjöllun um list en innantóm lýsingarorð, ekki síst hvað snertir nýrri tilfinningar í list. Fyrri hluti dalkanna um hvern listamann byggir á upplýsingum beint frá þeim sjálfum um tiltekin verk. Seinni hluti þeirra eru svo mínar útleggningar.

Kees Visser

Prentað mál héðan og þaðan að er skorið niður og fléttáð saman. Þar með er hin upphaflega merking málsins eyðilögð. Það sem eftir stendur hefur enga meiningu utan hina hreinu sjónrænu. Arangurinn er hvorki annað né meira en möguleiki. Breytileg afleiðing kerfisbundins starfs.




Allt síðan 1977 hefur Kees unnið útfra og þróað hugmyndina um að flétta saman tvær einingar. Á sams. í Gallery Súm '78 sýndi hann nokkur „fléttu-verk“ þar sem hann fléttaði saman tvær ólíkar myndir. Fyrr á þessu ári sýndi hann í gallery Lðu í Amsterdám málverk þar sem hann tekur einstakar einingar út úr fléttuverkunum og stækkar upp. Á þessari sýningu er sýnishorn af hvortveggja og ýmissi annarri tækni sem Kees notar svo sem silki-renti og dúkrista. Greinilegt er að hann vinnur ekki innan lokads kerfis enda gegnir tilviljum oft stóru hlutverki, það sem vakir fyrir honum er að gera hlutlaust myndverk. Möguleikarnir eru ótæmandi.

Í verkum Kees er viss samsvörun við verk og hugsunarátt Mordrians, sem kemur ekki á óvart þar sem Kees er líka Hollendingur. Báðir eru „formalistar“ en að vísu ólíkir.

Þór Vigfússon

Verkið samanstendur af 24 tréningum (43x43 cm) sem allir eru málaðir eins: þannig að andstæðir litir eru á móti hvor öðrum, rautt á móti grænu, orange og blátt, gullt og fjólublátt. Teningunum er síðan raðað þannig upp að ekki verði um endurtekningu að ræða og möguleikarnir tæmdir, þ.e. litirnir eru 6 og hægt er að snúa hverjum tening á 4 vegu, möguleikarnir eru því 24.




Þór Vigfússon hefur síðan 1976 (samsýning í Norrænahúsinu) notað kerfi sem aðal viðfangsefni í verkum sínum þá oft út frá form og/eða litafraði eins og t.d. verkin nú á Kjarvalsstöðum. Þau „kerfi“ sem Þór notar eru oft mjög einföld (minimal) og algerlega rökrétt. Mætti kalla sum verka hans „minimalconceptualisma“. Hann hefur notað fram á þessu fremur hefðbundna tækni svo sem málverk, teikn. og skulptúra úr gísi og tré. Teninga-verk hans á þessari sýningu er án efa hans víðamesta verk fram á þessu og sennilega eitt stærsta verk sem hér hefur verið gert.

Magnús Pálsson

Tölur breyta gildi eftir því hvaðan þær eru skoðaðar. Jafnan 09+90=99 verður 66=06+60 ef henni er snúið á haus.

Er ekki sagt að Pythagóras hafi krotað tölur með staf sínum í sendna strönd? Samkvæmt hefð hefur mynd eða tákni sem greipt er í flöt negatívt gildi í rýminu á sama máta og það sem ris upp úr fleti hefur pósitívt gildi. Tölur Pythagórasar höfðu formerkið minus í skilningi þrívíddar. Og þegar sjórin flæddi yfir þær kom fram á neðra borði hans tölur eða tákni með formerkið plús. Það eina sem kannski má henda reidur á með nokkuri vissu er að gildin eru andstæð. Þess vegna verður útkoman örugglega núll ef tveimur jöfnum með andstæð gildi í rýminu er hvöft saman.



Fyrsta verkið þar sem Magnús fæst við stærðfræði út frá sömu sjónarhornum og á þessari sýningu mun hafa birst í dagblaðinu Vísi í eins konar gallerí sem þar var rekið af Helga Friðjónssyni 1976. Var þetta verkið 6 pund = pund 9, seinna

myndlist



Hannes Lárusson skrifar:

– fimm myndlistarmenn sýna að Kjarvalsstöðum


notaði Magnús aðeins tölur í þessum verkum.

Þau verk sem hér eru sýnd hafa verið sýnd áður, nú síðast í Kunsthallen í Malmö í fyrra.

Öll eru verkin úr gísi en í það efni hefur Magnús unnið í a.m.k. 10 ár. Hugleiðingar hans um negatívt og pósitívt rými hafa verið nokkuð gegnumgangandi síðan á sýningunni í Súm 1976. Sennilega er nær að fellu þessa skulptúra Magnúsar undir Conceptualisma en aðra isma. Það sem vakir fyrir honum er að gera hlutinn laukreittan miða við þær forsendur sem hann gefur sér.

Ólafur Lárusson

Spegilmynd er illusion (sjónhverfing). Spegillinn er brotinn til að fá fram eitt raunverulegt augnablik á ákv. stund og stað. Ljósmyndirnar skjalfesta þetta augnablik, orsök og afleiðingu. Það sem speglast í spegilbrotnunum á staðnum þar sem verkið er sett upp er hluti af því, eini raunveruleikinn er það sem sést í gegnum spegilbrotnin. Min verk fjalla flest um spurningar og vafa, er hugmynd illusion eða raunveruleiki.



Aðal efniviður í verkum Ólafs undanfarin ár hefur verið gler og speglar og oft með temanu að brjóta. Hann hefur unnið úr þessu bæði með ljósmarkmynd eins og í stóru myndaröðunum á þessari sýningu og sem skulptúr eins og hann sýndi í Middelheim í vor, einnig hefur hann notað sama tema í performance.

Í þeim verkum sem Ólafur notar spegla á þessari sýningu er hann einkum að fást við augnablikið að brjóta, orsök og afleiðingu, og eðli spegilmyndarinnar í tilteknu umhverfi. Það umhverfi sem hann velur í þessum verkum er flest

af rómantískum toga, blóm, gróður og naktar konur, hins vegar verður áhorfandinn hluti af verkunum við skoðun þeirra.

Ólaf má með nokkrum rétti kalla „konsept-romantiker“, hann byggir á vissan hátt á rökhyggju conceptualismans í útfærslu, en tilfinningasemi rómantíkarsins í hugmyndum.

Kristinn G. Harðarson

Þær myndir sem ég nota eru héðan og þaðan úr umhverfinu, úr bókum og blöðum. Hugmyndir skapast oftast þegar maður horfir á hlutina í kringum sig. Mörg verkanna eru þannig byggð upp að ég tek tvær myndir með ákv. merkingu og tengi þær saman til að skapa einhverja nýja tilfinningu. Útfærslan og uppsetningin er líka tilfinningaatriði, oft eru verkin gerð visvitandi hallærisleg án þess þó að fara út fyrir það sem mér finnst að gangi í list. Fyrir mér er tæknin aukaatriði, það sem er á myndunum skiptir öllu, eiginlega eru öll mín verk meiri og minni skjalfesting á mínu eigin lífi og því hugarstandi sem ég er í þegar ég geri þau.



Verk þau sem Kristinn sýnir hér eru aðallega málverk, teikn. og ljósmyndir, í sumum verkanna notar hann t.d. ljósm. og málverk saman. Athyglisvert er að þau spanna fremur langt tímabil eða allt frá 1977.

Kristinn vinnur ekki útfra rökréttum hugmyndum heldur leitast við að skrá tilfinningar í verkum sínum (í anda „post conceptualista“). Mjög rómantískur blær er yfir mörgum verkanna en hin persónulegi húmor og hráí still Kristins gegna líka stóru hlutverki.

Bak við prakkarann leynist góður drengur

Ole Lund Kirkegaard: ALBERT. Þýðandi: Þorvaldur Kristinsson. Íbunn, 1979.

Höfundur þessarar bókar heitir Ole Lund Kirkegaard. Hann er fæddur í Arhus á Jótlandi árið 1940. Hann starfar sem kennari auk ritstarfanna. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið sem rithöfundur er hann sendi söguna Flugdrekin (Dragen) í barna- og unglingsagnasamkeppni sem fram fór á vegum Politikenforlagsins árið 1966. Fyrsta bók hans Lille Virgil kom út árið 1967. Hún fjallar um dreng sem býr einn ásamt einfætum hana í hænna-kofa. Hann virðist lífa góðu lífi þótt hann því sé aldrei og borði engan annan morgunmat heldur en gosdrykk.

Bókin Albert kom út árið 1968 og vakti mikla athygli og ári síðar hlaut Ole Lund Kirkegaard

barnabókaverðlaun frá danska ríkinu fyrir hana. Hann lét sér ekki nægja að semja texta bókarnar heldur myndskreytti hann hana einnig.

Eftir Ole Lund Kirkegaard hafa komið út á íslensku auk bókarnar um Albert Fúsi Froska-gleypir árið 1973 og Gúmmi-Tarsan 1978. Báðar fengu þær bækur góðar móttökur íslenskra lesenda.

Albert er kátur og hress strákur og býr í bæ sem heitir Kallabær. Sagan greinir frá ævintýrum hans og uppátækjum, sem eru oft vægast sagt furðuleg. Hann er mikill prakkarari og gerir prakkarastrik sem engum öðrum dettur í hug að gera, hvað þá að framkvæma þau. Honum finnst fullorðið fólk stórskrýtið og stendur meðal annars í stöðugu stríði við mömmu besta vinar síns og skósmiðinn í Kallabæ.

bókmenntir



Sigurður Helgason skrifar um barnabækur

Þrátt fyrir öll prakkarastrikin leynist margt gott í strákna og hann getur alls ekki þolað að illa sé farið með litilmagnann. Hann flettir ofan af svikum og prettum, þannig að honum er hreint alls ekki alls varnað.


Bóðskapur sögunnar er sá, að á bak við prakkarann geti leynst góður drengur sem vilji öðrum vel. Hins vegar er aðalatriðið að lífið sé skemmtilegt og því miður

þá geta skeð hlutir sem ekki eiga að ske. En þrátt fyrir það að gaman sé að vera á flakki og flækingsi eru gömlu sannindin um að heima sé best að vera í heiðri höfð.

Albert er umfram allt skemmtileg bók. Hún er full af gáska, fjöri og skemmtilegheitum. Persónurnar eru reyndar dálítið óraunverulegar, en samt ná mannlegir eiginleikar að skrifa upp á yfirborðið við og við.

Ég hef trú á að börn á öllum aldri hafi gaman af þessari bók. Þó er það galli á henni að letrið er fullsmátt fyrir þau yngstu. Þýðingin er góð. Hún er á lipru máli og við hæfi barna. Fátt er um torskilin orð sem valda vandræðum. Myndirnar eru skemmtilegar, dálítið ýktar, en það er í fullu samræmi við efni bókarnar.

Sigurður Helgason



Hljómplata á esperanto

Hljómplata, með íslenskum lögum, sungnum á esperanto, er komin út á vegum íslenska esperantosambandsins.

A plötunni eru kór söngs- og einsöngslög í flutningi sönghöpsins Hljómeykis og einstakra söngvara hans. Undirleik annast Jónas Ingimundarson.

Heiti plötunnar er Songpoemo pri ponto — Draumkvæði um brú en svo nefnist kantata Sigurveys D. Kristinssonar við samnefnt ljóð Ólafs Jóhanns Sigurðssonar.